

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Konan við
brunninn



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Alastair Paterson

Framleiðandi: Bible for Children


www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Jesús og lærisveinar hans voru á ferð um Samariú.
Þeir komu til borgar sem heitir Síkar.



Þar var brunnur sem fólkið í Síkar sótti drykkjarvatn sitt í. Jakob, forfaðir Ísraelsmanna, hafði grafið brunninn fyrir löngu síðan.



Eftirmiðdagurinn var sennilega sólríkur og heitur.
Jesús settist þreytulegur niður við brunninn á
meðan lærisveinarnir fóru til Síkar til matarkaupa.





Jesús var aleinn -
en ekki lengi. Kona
nokkur sem bjó í
Síkar kom til að
sækja vatn. "Gefðu
mér að drekka,"
sagði Jesús við
hana.




Konan varð undrandi. "Hvernig má það vera að þú sem ert Gyðingur biðjir mig, samverska konu, um að gefa þér að drekka?" sagði hún. Á þessum tímum höfðu Gyðingar engin samskipti við Samverja!



Hún varð sennilega ennþá
meira undrandi þegar
Jesús sagði, "Ef þú vissir
hver ég er, mundir þú
biðja mig um lifandi vatn."





Konan sagði við Jesú,
"Herra, þú hefur ekkert til
að ausa með og brunnurinn er
djúpur. Hvaðan hefur þú þá
þetta lifandi vatn? Ert þú meiri
en forfaðir okkar Jakob var,
sem gaf okkur brunninn...?"






"Hvern þann sem drekkur af þessu vatni mun þyrsta aftur," sagði Jesús við konuna. "Hvern þann sem drekkur af vatninu sem ég gef honum, mun aldrei þyrsta. Vatnið sem ég gef, mun í honum verða af vatnsbrunni er af sprettur eilíft líf." "Herra, gefðu mér þetta vatn..." sagði konan.




Jesús bað konuna að fara og kalla á mann sinn.
"Ég á engan mann," svaraði konan. "Þú hefur verið
gift fimm sinnum," sagði Jesús. "Og þú ert ekki gift
manninum sem þú býrð með nú."



Konan gerði sér ljóst að Jesús var spámaður. Hún reyndi að fá hann til að rökræða hvort tilbiðja ætti Guð í Jerúsalem eða á fjallinu helga í Samaría. Jesús sagði að sannir tilbiðjendur tilbæðu faðirinn í anda og í sannleika.



"Ég veit að Messías er að koma," sagði konan við Jesú. "Þegar hann kemur, mun hann kunnngjöra okkur allt." "Ég, sem tala til þín, er hann," sagði Jesús. Einmitt þá komu lærisveinarnir til baka. Konan skildi eftir dýrmæta skjólu sína við brunninn og snéri aftur til borgarinnar.




"Komið og sjáið mann sem sagði mér allt sem ég hef gjört," tjáði konan mönnunum í Síkar. "Gæti þetta verið Kristur?" Mennirnir yfirgáfu borgina til að hitta Jesú sjálfir.



Á meðan buðu lærisveinarnir Jesú að borða, en Jesús sagði, "Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og að ljúka verki hans." Verk hans var að leiða fólk til Guðs.




Margir Samverjanna trúðu á Jesú vegna vitnisburðar konunnar. Þeir buðu Jesú að dvelja hjá sér og hélt hann til hjá þeim í tvo daga.



Margir fleiri tóku trú er þeir hlustuðu á Jesú sjálfan. Þeir sögðu, "...við höfum heyrt með eigin

eyrum og erum sannfærðir um að þetta er sjálfur Kristur, frelsari heimsins."



Konan við Brunninn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 4

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

